



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 13. nóvember 2018

RMF18110002

4.2.0

Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur

101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um settan forstöðumann Höfuðborgarstofu

Á fundi borgarráðs þann 8. nóvember lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú var tilkynnt um ráðningu forstöðumanns höfuðborgarstofu. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig var staðið að ráðningarkerfinu, var staðan auglýst og hver voru hæfnisskilyrði?

Svar:

Í tilkynningu menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem birt var á vef Reykjavíkurborgar 6. nóvember sl. kemur fram að Karen María Jónsdóttir hafi verið settur forstöðumaður Höfuðborgarstofu frá og með 1. nóvember. Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á verkefnum tengdum ferðamálum og fylgir ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Með orðinu „settur“ er verið að vísa í að ráðningin sé tímabundin. Karen María er ráðin í umrætt starf til 1. september 2019 en á þeim tímapunkti standa vonir til að fyrir liggi ný ferðamálastefna og endurmat á því með hvaða hætti borgin ætlar að sinna málaflokknum til lengri tíma litið. Fram að því mun Höfuðborgarstofa einblína á kjarnaverkefni sín svo sem upplýsingamiðlun og kynningu á borginni í gegnum rafræna miðla, samskipti við ferðafjónustu og utanumhald um Gestakort. Er forstöðumanni ætlað að hafa yfirumsjón með þeim verkefnum og stýra starfsmannahópnum.

Samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur er ekki skylt að auglýsa störf þar sem ráðning skal standa 12 mánuði eða skemur, sbr. grein 9.1.1.

Tímabundin ráðning Karenar Maríu í starf forstöðumanns Höfuðborgarstofu til 1. september 2019 fellur undir þessa heimild kjarasamningsins og er því í fullu samræmi við hann.

Ástæða þess að farin var sú leið að ráða tímabundið í starfið á þessu stigi var óvissa um útfærslu ferðamálastefnunnar. Í ljósi hennar var talið óráðlegt og kostnaðarsamt fyrir borgina að auglýsa eftir og ráða nýjan forstöðumann því ekki er útilokað að breyta þurfi verkefnum, starfslýsingu og hæfniskröfum að ári liðnu. Enginn kostnaðarauki fylgdi hinni tímabundnu

ráðningu en samhliða henni var ein verkefnastjórastaða lögð niður á Höfuðborgarstofu með hagræðingu að leiðarljósi. Í ljósi þess að staðan var ekki auglýst var settur forstöðumaður sóttur úr hópi núverandi starfsmanna Höfuðborgarstofu, með vísan í fyrrgreinda heimild til tímabundinnar ráðningar.

Í starfslýsingu forstöðumanns Höfuðborgarstofu eru eftirfarandi kröfur um hæfni og reynslu tilgreindar: Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, stjórnunarreynsla, þekking og reynsla af ferðaþjónustu, upplýsingamiðlun, markaðsmálum og menningarstarfi, leiðtogahæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Jafnframt hæfni til að vinna undir álagi og góð tungumálakunnátta.

Það er mat undirritaðrar að Karen María uppfylli vel þær kröfur um hæfni og reynslu sem gerðar eru til starfsins í starfslýsingu. Hún hefur verið deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík (UMFR) frá því í maí 2016 en þar áður var hún verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu eða í á fimmta ár. Þennan tíma hefur hún samhliða sinnt ýmsum öðrum verkefnum tengdum kjarnaverkefnum Höfuðborgarstofu og verið fulltrúi og tengiliður Höfuðborgarstofu við ýmsa aðila innan sem utan borgarkerfis. Hún er með diplóma á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu og meistaragráðu í stjórnun stofnana frá Háskóla Íslands, meistaragráðu í leikhúsfræðum og meistaragráðu í þverfaglegri listgreinakennslu frá Háskólanum í Amsterdam og BA gráðu í listdansi frá ArtEZ listaháskólanum í Arnhem.



Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs